

# ***Nýr framhaldsskóli***

## ***Skýrsla Starfsnámsnefndar***

**Júní 2006**

## Efnisyfirlit

1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR
2. STARFSNÁMSNEFND
  - 2.1. ERINDISBRÉF OG SKIPAN STARFSNÁMSNEFNDAR
  - 2.2. NEFNDARSTARFIÐ
  - 2.3. FUNDIR MEÐ HAGSMUNAAÐILUM
  - 2.4. KYNNINGARFUNDUR MEÐ HAGSMUNAAÐILUM
  - 2.5. SAMSTARF UM STARFSMENNTUN INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS
3. TILLÖGUR STARFSNÁMSNEFNDAR - UMFJÖLLUN OG RÖKSTUÐNINGUR
  - 3.1. SKIPULAG NÝJA FRAMHALDSSKÓLANS
  - 3.2. TENGL SKÓLASTIGANNA
  - 3.3. FAGHÁSKÓLI
  - 3.4. HEILDARSKIPULAG NÝS FRAMHALDSSKÓLA
  - 3.5. NÝ SAMRÁÐSNEFND
  - 3.6. SKIPAN OG HLUTVERK STARFSGREINARÁÐA
  - 3.7. NÁMSKRÁRGERÐ
  - 3.8. SKIPULAG VINNUSTAÐANÁMS
  - 3.9. LÖG UM FRAMHALDSSKÓLA
4. LOKAORÐ
  - 4.1. KOSTNAÐUR VIÐ BREYTINGAR
  - 4.2. FRAMKVÆMD
  - 4.3. NÆSTU SKREF

## 1. Helstu niðurstöður

Starfsnámsnefnd gerir tillögu um breytingar á heildarskipulagi framhaldsskólans þar sem Nýr framhaldsskóli verði ein heild án aðgreiningar í bóknám og verknám, námið verði jafngilt, vinnustaðanami breytt, stofnað verði fagháskólastig og breyting verði á skipan og fyrirkomulagi samstarfsnefndar og starfsgreinaráðanna, og samstarf skólastiganna verði formgert.

Í erindisbréfi Starfsnámsnefndar, dagsettu 12/01/06, er verksvið hennar tiltekið:

*„Nefndin skal kanna hvernig má stuðla að aukinni aðsókn að starfsnámi, einfalda skipulag námsins og tryggja fjölbreytt framboð, sveigjanleika og samfellu í skólastarfi, og bæta tengsl starfsnáms á framhaldsskólastigi við grunnskóla- og háskólastig“*

Starfsnámsnefnd telur að með tillögum hennar verði þessum markmiðum náð.

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum og tillögum Starfsnámsnefndar. Í kafla 3 í skýrslunni er gerð ítarlegri grein fyrir hverri tillögu sérstaklega. Starfsnámsnefnd leggur til breytingar á lögum um framhaldsskóla til samræmis við tillögur þessar.

### Skipulag framhaldsskólans

Starfsnámsnefnd gerir tillögur um veigamiklar breytingar á skipulagi framhaldsskólans. Helstu tillögurnar eru þessar:

- Afnumin verði aðgreining náms í framhaldsskólum í starfsnám og bóknám.
- Nýr framhaldsskóli verði ein heild með fjölmörgum mismunandi námsleiðum. Skólum verði veitt frelsi til að skipuleggja og bjóða nám í samræmi við lokamarkmið námsins, þarfir nemenda og kröfur næsta viðtökuskólastigs og/eða atvinnulífs þannig að nemendur verði sem best búinn undir það nám er við tekur (viðtökumiðað nám). Nemandinn ljúki náminu á þeim tíma sem nauðsynlegur er með tilliti til þessara þátta.
- Nám í Nýjum framhaldsskóla til stúdentsprófs verði viðtökumiðað. Námið verði kjarni í íslensku, stærðfræði og ensku. Kjarni og nám umfram kjarna samkvæmt námskrá sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu verði metið jafnt til stúdentsprófs.
- Nám í hinum Nýja framhaldsskóla umfram kjarna verði skipulagt með formgerðu samstarfi framhaldsskóla og háskóla með tilliti til frekara náms og með samstarfi framhaldsskóla og atvinnulífs í gegnum starfsgreinaráðin.
- Stúdentspróf getur verið áfangi á leið nemanda til skilgreindra námsloka á tiltekinni námsleið.
- Almenna hluta aðalnámskrár og öðrum reglugerðum um skólastarf verði steyppt saman í eina reglugerð um framkvæmd og skipulag skólastarfs í framhaldsskólum.

---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

- Námskrár og lýsingar á einstökum námsleiðum hafi ekki reglugerðarígildi heldur verði staðfestar af menntamálaráðuneytinu fyrir hönd ráðherra með umburðarbréfi til skólanna.
- Náms- og starfsráðgjöf verði eflid í framhaldsskólum.

### Tengsl skólastiga

Starfsnámsnefnd leggur áherslu á nauðsyn þess að efla verulega tengslin milli skólastiganna, annars vegar framhaldsskóla og grunnskóla og hins vegar framhaldsskóla og háskóla.

### Grunnskóli – Nýr framhaldsskóli

- Skipuð verði samráðsnefnd skólastiganna.
- Áhersla á eflingu og kynningu starfsnáms í grunnskólum.
- Sérstök áhersla verði lögð á starfs- og námsráðgjöf í grunnskólum.

### Nýr framhaldsskóli - Háskólar

- Formlegt samstarf um viðtökumiðað nám.
- Aukin tengsl Nýs framhaldsskóla og háskóla - frelsi til athafna og ákvarðana.
- Samstarf Nýs framhaldsskóla og háskóla/háskóladeilda um viðtökumiðað nám.

### Fagháskóli

- Framhaldsskólar stofni fagháskóla.
- Fagháskólastigið verði sjálfstætt skólastig í framhaldi af Nýjum framhaldsskóla.
- Vaxandi aðsókn í háskólanám - skortur á starfstengdu framhaldsnámi.
- Atvinnulífið þarf starfsmenntað fólk með framhaldsmenntun.
- Skortur á tæknimenntuðu fólki með hagnýta færni.
- Þróun erlendis – stofnun fagháskóla.

### Ný samráðsnefnd starfsgreinaráða

Skipuð verði samráðsnefnd starfsgreinaráðanna.

- Menntamálaráðherra tilnefni tvo fulltrúa, annar þeirra verði formaður.
- Formenn starfsgreinaráðanna verði sjálfskipaðir fulltrúar.

---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

Hlutverk samráðsnefndar verði:

- Að vera samstarfsvettvangur starfsgreinaráðanna.
- Að vera ráðgefandi um stefnumörkun í starfsmenntamálum.
- Að sinna sameiginlegri kynningu starfsgreinaráðanna.
- Að fylgjast með nýjum starfsgreinum og staðsetja í starfsgreinakerfinu.
- Að gera tillögur um tilrauna- og þróunarverkefni í starfsnámi.

### Skipan starfsgreinaráða

Starfsgreinaráð verði skipuð fyrir starfsgreinar með þessum hætti:

- Starfsgreinaráðin verði skipuð fimm fulltrúum.
- Tveir fulltrúar verði tilnefndir af samtökum atvinnurekenda.
- Tveir fulltrúar verði tilnefndir af samtökum launafólks.
- Einn fulltrúi verði tilnefndur sameiginlega af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands.

Hlutverk starfsgreinaráðanna verði:

- Að móta menntastefnu starfsgreina.
- Að gera tillögur að námskrám.
- Að gera tillögur að skipan og fyrirkomulagi starfsnáms.
- Að fylgjast með nýjum starfsgreinum á viðkomandi sviði.

### Námskrárgerð

- Námskrár í framhaldsskólum verði endurskoðaðar árlega.
- Komið verði á tryggum, einföldum vinnuferlum við endurskoðun þeirra.
- Samhliða endurskoðun námskráa verði námsefni yfirfarið og endurskoðað.

### Skipulag vinnustaðanáms

Starfsnámsnefnd er í meginatriðum sammála tillögum nefndar um vinnustaðnám og leggur áherslu á eftirfarandi:

- Vinnustaðnám verði hluti aðalnámskrár.
- Yfirstjórn vinnustaðanáms verði í höndum starfsgreinaráðanna og skuli þau ráða umsjónaraðila vinnustaðanáms sem geti verið stofnun atvinnulífs eða skóli eftir því sem best henti.

---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

- Skólar beri ábyrgð á að nemendur fái umsjón og þjónustu frá upphafi náms í skóla til loka starfsnáms á vinnustað og námsferillinn verði ein heild frá upphafi náms til atvinnuréttinda.
- Valin verði sérstök vinnustaðafyrirtæki, eftir umsókn eða ábendingu, og tryggt að þau hafi á að skipa einstaklingi er geti annast fræðslu á vinnustað og borið ábyrgð á því gagnvart umsjónaraðila námsins.
- Skoðuð verði lengd og fjölbreytni vinnustaðanáms þannig að með betra og markvissara skipulagi og kennslu á vinnustað verði lengd vinnustaðanáms stytta.
- Teknar verði upp ferilbækur fyrir vinnustaðanám sem verði lagaðar að hverri atvinnugrein.
- Stofnaður verði sjóður með þátttöku atvinnulífs og stjórnvalda er annast greiðslur til að jafna kostnað milli þeirra fyrirtækja sem annast formlega vinnustaðakennslu og hinna sem það gera ekki. Settar verði reglur um þennan sjóð. Áhersla verði lögð á einfalt greiðsluferli.

### Lög um framhaldsskóla

Starfsnámsnefnd leggur til breytingar á lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla bæði á starfsnámskafla laganna sem og öðrum köflum eftir því sem faggreindar tillögur hafa kallað eftir. Tillögur Starfsnámsnefndar að lögum um hinn Nýja framhaldsskóla eru meðfylgjandi í sjálfstæðu skjali.

## 2. Starfsnámsnefnd

### 2.1. Erindisbréf og skipan Starfsnámsnefndar

Menntamálaráðherra skipaði með bréfi dagsettu 12. janúar 2006 nefnd um endurskoðun starfsnáms og er erindisbréf nefndarinnar eftirfarandi:

*„Nefndin skal kanna hvernig má stuðla að aukinni aðsókn að starfsnámi, einfalda skipulag námsins og tryggja fjölbreytt framboð, sveigjanleika og samfellu í skólastarfi, og bæta tengsl starfsnáms á framhaldsskólastigi við grunnskóla- og háskólastig.*

*Í IX. kafla laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla eru ákvæði um starfsnám. Nefndin skal endurskoða þennan kafla laganna og leggja fram tillögur sem eru til þess fallnar að efla starfsnám til framtíðar með framangreind markmið að leiðarljósi. Nefndinni er falið að meta hvort þörf sé á endurskoðun skipulags starfsnáms í heild, sem tæki til allra skólastiga. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að heildarendurskoðunar sé þörf, skal hún gera tillögu um æskilegar breytingar á lögum og skipulagi. Meðal þess sem til álita kemur í því sambandi er hlutverk, skipulag og starfsemi starfsgreinaráða og samstarfsnefndar um starfsnám á framhaldsskólastigi.*

*Nefndin skal í starfi sínu leita upplýsinga hjá ráðuneyti, skólum og starfsgreinaráðum eftir því sem hún telur nauðsynlegt. Jafnframt er þess óskað að nefndin leiti samræðs við hagsmunaaðila um mál sem þá varða.”*

Eftirfarandi aðilar voru skipaðir í nefndina:

Jón B. Stefánsson formaður	Skólameistari Fjöltækniskóla Íslands, án tilnefningar
Baldur Gíslason	Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík, án tilnefningar
Hjálmar Árnason	Alþingismaður, án tilnefningar
Einar Már Sigurðarson	Alþingismaður, án tilnefningar, skipaður á starfstíma nefndarinnar
Aðalheiður Steingrímsdóttir	Formaður Félags framhaldsskólakennara, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands
Emil B. Karlsson	Verkefnastjóri Samtaka verslunar og þjónustu,- tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins
Ingi Bogi Bogason	Sviðsstjóri menntunar og mannauðs, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins
Margrét Friðriksdóttir	Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi, tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla

---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

Stefán Ó Guðmundsson

Fræðslufulltrúi Fræðsluskrifstofu  
rafiðnaðarins, tilnefndur af  
Alþýðusambandi Íslands

Starfsmaður nefndarinnar var Ólafur Grétar Kristjánsson deildarsérfræðingur í menntamálráðuneytinu.

### 2.2. Nefndarstarfið

Nefndin hóf störf 18. janúar 2006 og lauk störfum í júní 2006 með skýrslu til menntamálaráðherra.

Nefndin hélt 32 fundi með skólum og starfsgreinaráðum, 12 fundi með öðrum hagsmunaaðilum og auk þess voru haldnir 35 formlegir nefndarfundir, þar sem rætt var um málið og tillögur nefndarinnar mótaðar.

### 2.3. Fundir með hagsmunaaðilum

Ákveðið var að eiga fundi með öllum starfsnámskólum, öllum starfsgreinaráðum og samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, og funda sjálfstætt með hverjum þessara aðila. Haft var samband við ofangreinda aðila bréflaga og þeim boðið til fundar og lagður fyrir spurningalisti til að hjálpa þeim við undirbúning fundanna. Í heild hélt nefndin 32 fundi með samstarfsnefnd, skólum og starfsgreinaráðum og stóð hver fundur í um 1½ - 2 klst. Fundir þessir voru nefndinni mjög gagnlegir og skiluðu nefndarmönnum góðri heildarsýn og skýru yfirliti yfir viðhorf fulltrúa skóla, samstarfsnefndar og starfsgreinaráða á skipulagi starfsmenntamála.

Skólarnir og starfsgreinaráðin sendu flest skrifleg svör við þeim spurningum sem lagðar voru til grundvallar fundunum og eru svör þeirra fyrirliggjandi. Meðfylgjandi er samandregið yfirlit frá þessum fundum.

Nefndin fundaði einnig með öðrum hagsmunaaðilum og vísast í meðfylgjandi yfirlit yfir þá aðila.

### 2.4. Kynningarfundur með hagsmunaaðilum

Í lok maí hélt nefndin sameiginlegan fund með skólum og starfsgreinaráðum þar sem kynntar voru tillögur hennar. Aðilum var gefinn kostur á því að hafa skoðun á tillögunum og koma þeim á framfæri. Þessi fundur gekk mjög vel og var ekki annað að heyra en að tillögur nefndarinnar fengju góðan hljómgrunn.

### 2.5. Samstarf um starfsmenntun innan Evrópusambandsins

Frá árinu 2000 hefur samstarf um starfsmenntun innan Evrópu aukist til muna innan svokallaðs „Lissabon-ferlis“. Aðildarríki ESB og EFTA-ríkin hafa komið sér saman um að stefna að aukinni skilvirkni og árangursmiðun starfsmenntakerfa, efla gæði starfsmenntunar og auka aðsókn í hana. Stefnan byggist á þeirri skoðun landanna að menntun og mannauður sé mikilvæg auðlind sem beri að nýta til fullnustu.



---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

Ísland hefur tekið ríkan þátt í Evrópusamstarfi um starfsmenntun og hefur komið fram að íslensk stjórnvöld telji áherslur þar falla vel að þeim markmiðum sem sett hafa verið héraendis. Meðal þess sem þetta samstarf hefur leitt til er aukin áhersla stjórnvalda og samtaka á vinnumarkaði á að fólk eigi kost að fá metna menntun og/eða starfsreynslu sem afluð er utan hins hefðbundna menntakerfis m.a. með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, aukinn hreyfanleiki launafólks á vinnumarkaði á grundvelli viðurkenningar á prófskírteinum og viðurkenning á mikilvægi þeirrar fræðslu sem fer fram á vinnustað.

Starfsnámsnefnd hefur í störfum sínum haft hliðsjón af þróun á þessu sviði innan Evrópu og telur brýnt að áfram verði haldið að taka þátt í Evrópusamstarfi um starfsmenntun að svo miklu leyti sem það getur orðið starfsnámi til framdráttar héraendis. Meðal þess sem er á döfinni innan Evrópusambandsins og getur haft jákvæð áhrif hér á landi er kerfi um flokkun þekkingar og færni (European Qualifications Framework – EQF) sem hefur þann kost að tengja saman markmiðasetningu í hefðbundnu framhaldsskólanámi og námi sem fer fram utan framhaldsskólans.

### 3. Tillögur Starfsnámsnefndar – umfjöllun og rökstuðningur

#### 3.1. Skipulag Nýs framhaldsskóla

Starfsnámsnefnd leggur til veigamiklar breytingar á skipulagi framhaldsskólans í heild. Helstu tillögurnar eru þessar:

- Afnumin verði aðgreining náms í framhaldsskólum í starfsnám og bóknám.
- Nýr framhaldsskóli verði ein heild með fjölmörgum mismunandi námsleiðum. Skólum verði veitt frelsi til að skipuleggja og bjóða nám í samræmi við lokamarkmið námsins, þarfir nemenda og kröfur næsta viðtökuskólastigs og/eða atvinnulífs þannig að nemandinn verði sem best búinn undir það nám er við tekur (viðtökumiðað nám). Nemandinn ljúki náminu á þeim tíma sem nauðsynlegur er með tilliti til þessara þátta.
- Nám í Nýjum framhaldsskóla til stúdentsprófs verði viðtökumiðað. Námið verði kjarni í íslensku, stærðfræði og ensku. Kjarni og nám umfram kjarna samkvæmt námskrá sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu verði metið jafnt til stúdentsprófs.
- Nám í hinum Nýja framhaldsskóla umfram kjarna verði skipulagt með formgerðu samstarfi framhaldsskóla og háskóla með tilliti til frekara náms og með samstarfi framhaldsskóla og atvinnulífs í gegnum starfsgreinaráðin.
- Stúdentspróf geti verið áfangi á leið nemanda til skilgreindra námsloka á tiltekinni námsleið.
- Almenna hluta aðalnámskrár og öðrum reglugerðum um skólastarf verði steyppt saman í eina reglugerð um framkvæmd og skipulag skólastarfs í framhaldsskólum.
- Námskrár og lýsingar á einstökum námsleiðum hafi ekki reglugerðarígildi heldur verði staðfestar af menntamálaráðuneytinu fyrir hönd ráðherra með umburðarbréfi til skólanna.
- Náms- og starfsráðgjöf verði eflað í framhaldsskólum.

##### 3.1.1. Aðgreining framhaldsskóla samkvæmt núgildandi lögum

Framhaldsskólinn er í dag tvískiptur, annars vegar bóknámsskóli og hins vegar starfsnámsskóli. Þessi skipting kemur fram í lögum um framhaldsskóla og er arfur frá tímum skiptingar í menntaskóla annars vegar og iðnskóla hins vegar. Ef til vill má segja að enn eimi af því viðhorfi fyrri tíðar að iðnmenntun sé ekki menntun, heldur umfram allt þjálfun í vinnubrögðum. Á fyrri hluta 20. aldar féllu iðnskólar þannig ekki undir verkefnasvið menntamálaráðuneytis heldur iðnaðarmála- eða atvinnuáráðuneyta. Með tilkomu áfangakerfisins á áttunda áratug tuttugustu aldar og sameinuðum framhaldsskóla með nýjum framhaldsskólalögum árið 1988 gafst færi á að eyða þessari aðgreiningu með því að sérlög um iðnfræðslu voru felld úr gildi og

---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

iðnfræðslan felld undir framhaldsskólalög. Starfsnám átti undir högg að sækja gagnvart bóknámi í áfangakerfisskólum.

Ákvæði í framhaldsskólalögnum nr. 80/1996 viðhalda þessari aðgreiningu að vissu marki. Hér er átt við 16. grein laganna þar sem segir: „**Nemendur á starfsnámsbrautum skulu einnig eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings náms á háskólastigi.**“

Í sömu grein laganna segir einnig: „**Bóknámsbrautir veita undirbúning að námi á háskólastigi**“ .

Í 24. grein laganna segir: „**Nám á framhaldsskólastigi er veitir undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi.**“


Mismunandi námsleiðir hafa leitt til aðgreiningar réttinda til náms á háskólastigi og viðhaldið skiptingu framhaldsskólans í bóknámsskóla og starfsnámsskóla enda þótt margir framhaldsskólar hafi dregið úr skilum starfsnáms og bóknáms. Tímabært er, að mati Starfsnámsnefndar, að eyða þessari aðgreiningu að fullu.

Nemendur starfsnáms eiga kost á að bæta við sig námi sem er á forsendum bóknáms og öðlast þannig rétt til háskólanáms burtséð frá lengd og innihaldi starfsnámsins. Bóknámsgreinar hafa hins vegar ekki innifalið starfsnám eða verklega kennslu svo neinu nemi þrátt fyrir þá staðreynd að stór hluti bóknáms leiði í raun til starfsnáms á háskólastigi. Starfsnámsnemendur sem hafa lokið allt að 208 eininga námi sem byggir á miklu bóknámi og samblandi bóknáms og starfsnáms hafa lengst af þurft að bæta við sig námi til að öðlast full réttindi stúdents. Bóknámsnemedur hafa að sama skapi þurft 140 eininga nám til að öðlast stúdentspróf.

Háskólar gera æ meiri kröfur til innihalds náms og reynslu nemenda við innritun, en Háskóli Íslands hefur oftast gert stúdentspróf af bóknámsbrautum að skilyrði, burtséð frá námi og reynslu nemenda.

**Mynd 1** sýnir núverandi skipulag skólakerfisins með aðaláherslu á framhaldsskólann:

# Skýrsla Starfsnámsnefndar



---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

Á myndinni sést hvernig framhaldsskólinn skiptist í tvo hluta, annars vegar bóknámshluta sem lýkur með stúdentsprófi og hins vegar starfsnámshluta sem lýkur með atvinnuréttindum og/eða sveinsprófi en hefur leið í gegnum viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir þá sem lokið hafa starfsnámi og vilja komast í háskóla.

### 3.1.2. Nýr framhaldsskóli - einn skóli

Starfsnámsnefnd leggur til að heildarskipulagi framhaldsskólans verði breytt þannig að um verði að ræða einn skóla í skipulagi og framkvæmd. Með því sé staðfest sú viðleitni að skapa heildstæðan framhaldsskóla.

Skólum verði veitt frelsi til að skipuleggja og bjóða nám í samræmi við lokamarkmið náms, þarfir nemenda og kröfur næsta viðtökuskólastigs og/eða atvinnulífs þannig að nemandinn geti búið sig sem best undir það nám er við tekur (viðtökumiðað nám). Starfsnámsnefnd telur öll rök hníga að því að gera framhaldsskólann að einni heild, sem einnig er vilji starfsgreinaráðanna og skólanna.

Rétt er að velta fyrir sér hlutverki framhaldsskólans, samanber 2. grein laga um framhaldsskóla. Til hvers fara nemendur í framhaldsskóla? Hvað er verið að búa nemendur undir?

Hlutverk framhaldsskólans er að:

- **Búa nemendur undir :**
  - **Þátttöku í atvinnulífi með starfsnámi.**
  - **Framhaldsnám á háskólastigi og síðan þátttöku í atvinnulífi.**
  - **Virka þátttöku í þjóðfélaginu.**

Allt nám hefur það hlutverk að búa nemandann undir þátttöku í atvinnulífi eftir áhugasviði hans og getu. Nemendur sem hefja nám í framhaldsskóla hafa væntanlega þessi markmið í huga, ýmist meðvitað eða ómeðvitað, þó sumir hafi ekki skýra mynd af því hvert skuli stefna.

Hlutverk framhaldsskólans er einnig að:

- **Stuðla að alhliða þroska nemenda með:**
  - **Fjölþættu námi er snertir áhugasvið nemenda.**
  - **Samblandi bók- og starfsnáms.**

Víst má telja að áhugavekjandi nám í framhaldsskóla skili nemandanum betri árangri en nám sem hann fer í burtséð frá áhuga hans og löngun.

---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

- **Hvaða nám skilar bestum árangri?**
  - **Nám sem vekur áhuga nemandans.**
  - **Nám sem hefur tilgang með tilliti til atvinnulífs.**
  - **Nám sem hefur tilgang með tilliti til háskólanáms og síðar atvinnulífs.**

Framhaldsskólar eiga í erfiðleikum með að sinna þörfum þess breiða nemendahóps sem þar stundar nám. Viðurkennt er að hluti nemenda finnur ekki nám við hæfi, sinnir því af litlum áhuga og flosnar upp úr námi. Hlutfallslega fleiri nemendur flosna upp úr námi í íslenskum framhaldsskólum en í OECD-ríkjunum.

Hlutfall 16 – 17 ára nemenda í bóknámi á framhaldsskólastigi er mun hærra en í starfsnámi. Hlutfall 22 ára nemenda og eldri er hins vegar hærra í starfsnámi en í bóknámi. Mikill skortur er á styttra starfsnámi í ýmsum þjónustugreinum og öðrum störfum sem ekki heyra undir faggreinar fyrir þá sem ekki hafa áhuga á lengra og hefðbundnara starfsnámi eða áhuga og aðstæður til að ljúka stúdentsprófi.

Starfsnámsnefnd er þeirrar skoðunar að með því að jafna stöðu bóknáms og starfsnáms muni framhaldsskólinn skila ungmennum betur undirbúnum til framhaldsnáms. Nýr framhaldsskóli er líklegri til að hjálpa fjölda ungmenna til að finna nám við hæfi, ljúka skilgreindu námi og opna nýjar leiðir fyrir þá sem hafa horfið frá námi til að koma aftur.

### 3.1.3. Viðtökumiðað nám byggt á kjarna og frjálsu vali

Hér verður greint nánar frá því skipulagi sem lagt er til af Starfsnámsnefnd.

Starfsnámsnefnd leggur til að nám í Nýjum framhaldsskóla verði viðtökumiðað og þá um leið einstaklingsmiðað. Hér á eftir verður orðið viðtökustig notað um næsta stig á eftir hinum Nýja framhaldsskóla. Námið geti jöfnum höndum leitt beint til þátttöku í atvinnulífinu eða til háskólanáms og síðar til þátttöku í atvinnulífinu. Lagt er til að allt nám í Nýja framhaldsskólanum verði metið jafnt, bæði bóknám og starfsnám.

Nám til stúdentsprófs í Nýja framhaldsskólanum verði viðtökumiðað í samræmi við kröfur viðtökustigs, lokamarkmið náms og áhugasvið nemenda.

Gert er ráð fyrir kjarna sem er þrjár greinar og getur einingafjöldi einstakra greina í kjarna verið breytilegur eftir því hvaða kröfur eru gerðar af viðtökustiginu. Þannig verður til dæmis kjarni þeirra sem hyggja á nám í félagsvísindum eða listum með annarri samsetningu eininga en þeirra sem hyggjast leggja stund á raungreinanám. Allir sem ætla að ljúka stúdentsprófi verða að ljúka tilteknum kjarna sem getur verið breytilegur eftir kröfu viðtökustigsins að því háskólanámi sem viðkomandi nemandi stefnir að. Bóknám og starfsnám telst jafnt til eininga og getur því nemandi sem lýkur tilteknum einingafjölda í kjarna og tilteknum einingum í námi umfram kjarna orðið stúdent.

---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

Námsgreinar í kjarna verði íslenska, stærðfræði og enska, samtals 27 einingar að lágmarki. Kjarni og nám umfram kjarna samkvæmt námskrá sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu verði metið jafnt til stúdentsprófs. Allar námsleiðir framhaldsskóla sem ekki leiða til stúdentsprófs hafi kjarna sem er hlutfall af námslengd, að lágmarki 1/5 fyrir námið í heild (til að almennar greinar og sérgreinar myndi jafnvægi) þó ekki fleiri en 27 einingar. Nemendum er heimilt að taka í vali fleiri einingar kjarnagreina.

Kennarasamband Íslands telur ótímabært að binda einingafjölda í kjarna enda er framundan starf nefndar um nám og námsskipan grunn- og framhaldsskóla þar sem nánar verður fjallað um þennan þátt og önnur skyld mál.

Skipulag starfsnáms í hinum Nýja framhaldsskóla verður í höndum starfsgreinaráða og tillögur Starfsnámsnefndar breyta ekki innihaldi og lengd starfsnáms nema starfsgreinaráðin geri breytingar á inntaki og skipulagi þess.

Nemandi í bóknámi velur sér nám miðað við kröfur viðtökustigs, lýkur tilteknum kjarna og tilteknum einingafjölda umfram kjarna og öðlast stúdentspróf.

Nemandi sem lokið hefur lengsta starfsnáminu, sem er 208 einingar, tekur tiltekinn kjarna en getur lokið stúdentsprófi áður en hann lýkur 208 eininga starfsnámi. Stúdentsprófið er því ekki lokatakmark þessa nemanda heldur áfangi á leið að öðru markmiði.

Nemandi sem lokið hefur stuttu starfsnámi, til dæmis 40 einingum, og ætlar að ljúka stúdentsprófi þarf að bæta við sig einingum í kjarna að lágmarki, auk eininga í námi umfram kjarnann til að ljúka stúdentsprófi. Nemandi bætir við sig námi en nýtir að fullu þær einingar sem hann hafði áður tekið.

Nýr framhaldsskóli gerir kleift að bjóða styttri námsleiðir þar sem allt nám er metið jafnt og nemendur hafa einingar sem hægt er að nota síðar í frekara námi. Þetta gerir einnig mögulegt að taka tillit til raunfærnimats og meta styttra nám í ýmsum greinum og endurmenntun sem í boði er fyrir launafólk.

Það er grundvöllur tillagna Starfsnámsnefndar að framhaldsskólarnir geti boðið mun fjölbreyttari námsleiðir en nú er en líka óbreytt fyrirkomulag að eigin vali. Breytingin felst í verulega auknu frelsi skóla til að móta námsframboð sitt í samræmi við eigin áherslur og leiðir.

Nýr framhaldsskóli gerir ráð fyrir einstaklings- og viðtökumiðuðu námi sem felur í sér talsverðar breytingar á innri starfsháttum framhaldsskólanna. Breytingarnar krefjast bæði fjármuna og mannafla til að auðvelda hinum Nýja framhaldsskóla að vinna að framgangi þeirra. Í því sambandi þarf að efla mjög náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur.

### 3.1.4. Námslengd

Í núverandi kerfi er starfsnám frá 20 einingum til 208 eininga, listnám 105 einingar, bóknám 140 einingar.

Nám í Nýjum framhaldsskóla verður mjög mismunandi að lengd eftir eðli og innihaldi náms og því lokamarkmiði sem stefnt er að. Námið er viðtökumiðað í samræmi við kröfur viðtökuaðila, atvinnulífs eða háskóla, lokamarkmið náms, og þarfir nemandans. Nemendur ljúki því á þeim tíma sem nauðsynlegur er með tilliti til þessara þátta.

Ákvörðun um breytingar á einingafjölda er í höndum menntamálaráðuneytisins.

## 3.2. Tengsl skólastiga

Starfsnámsnefnd leggur áherslu á að nauðsynlegt er að efla verulega tengsl milli skólastiga, annars vegar framhaldsskóla og grunnskóla og hins vegar framhaldsskóla og háskóla.

### 3.2.1. Grunnskóli – Nýr framhaldsskóli

Viðurkennt er að nokkur hluti þeirra grunnskólanemenda sem hefja nám í framhaldsskóla er vanbúinn til þess og finnur ekki nám við hæfi.

Starfsnámsnefnd telur mikilvægt að starfsnám verði eftt í efstu bekkjum grunnskóla til að koma til móts við mismunandi áhugasvið og þarfir nemenda.

Einnig verði sérstök áhersla lögð á að efla náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum til að leiðbeina nemendum um námsval í framhaldsskóla og starfsval í atvinnulífi.

Til að auka samstarf og samfellu grunn- og framhaldsskóla leggur Starfsnámsnefnd til að skipuð verði samráðsnefnd skólastiganna með fulltrúum frá hagsmunaaðilum. Hlutverk nefndarinnar verði að móta stefnu um samráð skólastiganna og gera tillögur til ráðuneytisins um framkvæmd.


### 3.2.2. Nýr framhaldsskóli – Háskólar - atvinnulíf

Lykillinn að velgengni Nýs framhaldsskóla verða tengslin við þá aðila sem taka við nemendum sem hann brautskráir. Þessum tengslum er með breytingum Starfsnámsnefndar vel fyrir komið í Nýjum framhaldsskóla gagnvart atvinnulífinu. Tillögur Starfsnámsnefndar bæta þá ágalla sem voru á skipulagi samstarfsnefndar og starfsgreinaráðanna. Hins vegar er tengslum háskóla og framhaldsskóla mjög ábótavant. Nýjum framhaldsskóla er ætlað að hafa frelsi til athafna og ákvörðunar og er því gert ráð fyrir öflugri og frjórri þróun viðtökumiðaðs náms. Starfsnámsnefnd leggur til að framhaldsskólar og háskólar taki upp formlegt samstarf um viðtökumiðað nám og samfellu milli skólastiganna. Líklegt er að slíkt samstarf leiði af sér betur undirbúna nemendur fyrir tiltekið háskólanám. Formlegt samstarf má samt ekki binda hendur skóla til að þróa samstarf eftir eigin leiðum. Hver skóli þrói eftir eigin leiðum samstarf við þá háskóla og þær háskóladeildir sem námið miðar að.



## Skýrsla Starfsnámsnefndar

**Mynd 2** skýrir með einföldum hætti tengsl grunnskóla, háskóla og atvinnulífs við framhaldsskólann:



Myndin sýnir hægra megin samráð atvinnulífs og framhaldsskólans í starfsnámi þar sem skipulagið gerir ráð fyrir að starfsgreinaráðin móti og geri tillögu að námskrám atvinnugreinanna. Þetta fyrirkomulag sem verið hefur frá 1996 hefur gefist nokkuð vel og virkar í aðalatriðum, með undantekningum þó. Atvinnulífið er viðtökuaðili þeirra nemenda sem útskrifast úr starfsnámi framhaldsskólanna og er því mjög eðlilegt að atvinnulífið hafi veruleg áhrif á hvaða nám er í boði og innihald þess.

Háskólastigið er með sama hætti viðtökuaðili nemenda sem útskrifast úr bók-, list- og starfsnámi eftir stúdentspróf en samskipti háskóla og framhaldsskóla eru mjög lítil hvað varðar innihald náms og samsetningu, eins og sést vinstra megin á myndinni.

Starfsnámsnefnd er þeirrar skoðunar að samskipti skólastiganna eigi að vera umtalsverð og að háskólinn eigi að hafa áhrif á samsetningu náms í framhaldsskólanum með sambærilegum hætti og atvinnulífið. Starfsnámsnefnd ítrekar þá skoðun sína að nauðsynlegt sé að háskólarnir setji fram kröfur til viðtökumiðaðs náms framhaldsskólans á skýran og skilmerkilegan hátt. Háskólarnir hafa í auknum mæli bent á nauðsyn samstarfs atvinnulífs og háskólastigsins þar sem háskólastigið útskrifar nemendur til starfa með sama hætti og starfsnámsbrautir framhaldsskólans.

Kjarninn í tillögum Starfsnámsnefndar um breytt skipulag náms í hinum Nýja framhaldsskóla er fólgin í samfellu skólastiganna og skólastiga og atvinnulífs.

Í núverandi kerfi er námsefni bókanámsdeilda framhaldsskólans byggt á fjórum brautum sem innihalda mismunandi kjarna, kjörsvið og val sem rammar inn greinar og einingafjölda. Samkvæmt lögum taka háskólar við nemendum sem lokið hafa stúdentsprófi og hafa oftast einskorðað sig við það. Undantekningar frá þessu eru inntökupróf, kröfur um tiltekinn einingafjölda í greinum og reynsla úr atvinnulífni. Stúdentspróf að loknu viðbótarnámi samkvæmt lögum hefur ekki veitt þann rétt til inngöngu í háskóla sem lögin gera ráð fyrir.

### 3.3. Fagháskóli

Á undanförnum árum hefur aðsókn í háskólanám vaxið mjög mikið. Einkum er um að ræða ásókn í hefðbundið háskólanám enda fátt annað í boði. Úrvalið námsbrauta til framhaldsnáms í starfstengdu námi er afar takmarkað og stutt hagnýtt nám sniðið að þörfum atvinnulífsins lítið sem ekkert. Þó hefur á undanförnum árum orðið til vísir að slíku námi innan framhaldsskólanna. Ýmsir skólar hafa þróað námsframboð sem stenst þær kröfur sem gerðar eru til kennslu á næsta skólastigi eftir að framhaldsskóla er lokið svo sem diplómanám, margmiðlunarnám, leiðsögunám, sjávarútvegsnám og annað slíkt námsframboð.

Starfsnámsnefnd telur að of fá námstækifæri séu til framhaldsnáms sem tengjast starfsmenntun með beinum hætti. Í mikilli uppbyggingu starfsmenntunar á undanförnum árum hefur sjónunum einkum verið beint að framhaldsskólastiginu en þarfir bæði atvinnulífs og nemenda fyrir hagnýtt framhaldsnám á háskólastigi setið eftir.

Í löndunum í kringum okkur hefur á undanförnum árum þróast fjöldinn allur af námsbrautum í starfstengdum greinum fyrir þá sem lokið hafa starfsnámi í framhaldsskóla. Þessar námsbrautir hafa flestar þróast sem framhald af starfsnámsbrautum framhaldsskólanna. Þó að námið sé á háskólastigi og með sér löggjöf er ekki um að ræða rannsóknartengt háskólanám heldur nám með áherslu á starfstengt nám með raunhæfum verkefnum og í góðum tengslum við atvinnulífið.

Starfsnámsnefnd leggur til að framhaldsskólum verði heimilt að fengnu leyfi hjá menntamálaráðuneytinu að setja á stofn eins til þriggja ára nám á fagháskólastigi.

Fagháskólastigið verði sjálfstætt skólastig í framhaldi af Nýja framhaldsskólanum og með áherslu á þarfir atvinnulífsins. Námið verði opið öllum nemendum sem ljúka framhaldsskóla að uppfylltum skilyrðum um undanfara.

Meistaránám iðngreina og annað nám sem nú þegar er á þessu skólastigi verði hluti fagháskólastigsins.

Menntamálaráðuneytið setji reglugerð um fagháskóla þar sem kveðið er á um faglega kröfur og fjárhagslegan grundvöll.

### 3.4. Heildarskipulag hins Nýja framhaldsskóla

**Mynd 3** sýnir tillögu Starfsnámsnefndar að breyttu skipulagi að Nýjum framhaldsskóla.

Myndin sýnir tillögu Starfsnámsnefndar um einn framhaldsskóla með fjölmörgum námsleiðum bæði bóknáms- og starfsnáms- sem eru viðtökumiðaðar. Í Nýja framhaldsskólanum er gert ráð fyrir verulega auknu frelsi skólanna til að skipuleggja


---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

og bjóða nám og/eða til að halda óbreyttu skipulagi. Myndin sýnir einnig tengsl framhaldsskólans við háskólastigið og nýtt fagháskólastig.


# Skýrsla Starfsnámsnefndar

Mynd 3



## 3.5. Ný samráðsnefnd starfsgreinaráða

Í 26. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 er ráð gert fyrir að skipuð sé samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára. Í fyrrgreindum lögum, IX. kafla, er skipulag starfsnáms á framhaldsskólastigi rammað inn eins og sýnt er með mynd 4.



Skipuritið sýnir að ekki eru nein formleg tengsl milli samstarfsnefndar annars vegar og starfsgreinaráða og skóla hins vegar. Samkvæmt núgildandi lögum er samstarfsnefndin skipuð 18 einstaklingum sem tilnefndir eru af samtökum atvinnurekenda og launafólks, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samtökum kennara, skólastjórnenda og þrjú fulltrúar skipaðir án tilnefningar af ráðherra og er einn þeirra formaður nefndarinnar.

Samkvæmt núgildandi lögum gerði Samstarfsnefnd tillögur til ráðherra um skipan starfsgreinaráða, fjölda þeirra og skiptingu atvinnugreina milli ráðanna.



Á fundum með starfsgreinaráðum komu skýrt í ljós efasemdir um núgildandi skipulag og tilgang samstarfsnefndar.

Að mati Starfsnámsnefndar er um að ræða stóra nefnd sem skipuð er að mestu fulltrúum sömu aðila og skipa starfsgreinaráðin án þess þó að formgert samband sé fyrir hendi milli þeirra. Ljóst er að ekki hefur tekist sem skyldi að tengja samstarfsnefndina við starfsgreinaráðin.

Starfsnámsnefnd leggur til að skipuð verði ný samráðsnefnd starfsgreinaráða með stoð í endurskoðuðum lögum um Nýjan framhaldsskóla.

Samráðsnefnd starfsgreinaráða verði þannig skipuð að menntamálaráðherra skipi tvo fulltrúa án tilnefningar og verði annar þeirra formaður nefndarinnar. Aðrir fulltrúar í nefndinni verði formenn þeirra starfsgreinaráða sem starfa á hverjum tíma. Þessi samráðsnefnd komi í stað núverandi samstarfsnefndar um starfsnám á framhaldsskólastigi (18 manna nefndar).

Mynd 5 sýnir skipan samráðsnefndar starfsgreinaráða.



Með þessu fyrirkomulagi verði samráðsnefnd starfsgreinaráða samnefni og samstarfsvettvangur ráðanna þar sem formenn þeirra koma saman undir formennsku ráðherraskipaðs fulltrúa sem ekki hefur hagsmuna að gæta innan tiltekins starfsgreinaráðs.

Hlutverk þessarar nýju samráðsnefndar verði í meginatriðum eftirfarandi:


## Skýrsla Starfsnámsnefndar

- Að vera samstarfsvettvangur starfsgreinaráðanna.
- Að vera ráðgefandi um stefnumörkun í starfsmenntamálum.
- Að sinna sameiginlegri kynningu starfsgreinaráðanna.
- Að fylgjast með nýjum starfsgreinum og staðsetur í starfsgreinakerfinu.
- Að gera tillögur um tilrauna- og þróunarverkefni í starfsnámi.


Nýtt skipulag starfsnáms í Nýjum framhaldsskóla er sýnt með myndum 6 og 7.

### Skipurit starfsnáms Nýr framhaldsskóli

Mynd 6



# Skýrsla Starfsnámsnefndar



## 3.6. Skipan og hlutverk starfsgreinaráða

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996, 26. grein, er ráð fyrir því gert að skipuð séu starfsgreinaráð til fjögurra ára fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar sem kenndar eru á framhaldsskólástigi. Nánari útfærsla á skipan starfsgreinaráða kemur fram í reglugerð nr. 475/2001 um skipan starfsgreinaráða. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir skipan 14 starfsgreinaráða og að í hverju ráði séu sjö fulltrúar, sex tilnefndir af samtökum atvinnulífs og launafólks í viðkomandi greinum og einn tilnefndur af ráðherra.

Þetta fyrirkomulag hefur gefist nokkuð vel og virkar í aðalatriðum, með undantekningum þó. Á fundum Starfsnámsnefndar með starfsgreinaráðum og skólum kom fram að almennt er sátt um þetta fyrirkomulag þó með nokkrum frávikum og athugasemdum um málefni einstakra ráða.



---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

Greinilega kom þó fram á fundunum að nauðsynlegt væri að formgera með ákveðnari hætti samráð starfsgreinaráða og skóla. Í núgildandi reglum er ekki gert ráð fyrir formlegu samráði starfsgreinaráða og skóla að öðru leyti en því að fulltrúi menntamálaráðherra er að jafnaði valinn úr röðum kennara/skólastjórnenda án þess þó að vera tilnefndur af samtökum þessara aðila. Reynslan af þessu hefur verið misjöfn því fulltrúar ráðherra telja sig ekki hafa umboð til að upplýsa skólana um starfsemi starfsgreinaráðanna.

Tilnefning fulltrúa atvinnurekenda og launafólks er með þeim hætti að tilgreint er í reglugerð mjög nákvæmlega hver tilnefnir. Með þessu er löggjafinn að takmarka skipunaraðila og ef breytingar verða á skipulagi vinnumarkaðarins þá þarf reglugerðarbreytingu til að leiðrétta tilnefningar. Starfsnámsnefnd er í meginatriðum sátt við núverandi skipulag en telur þó að nauðsynlegt sé að gera á því breytingar með tilliti til reynslunnar og til samræmis við tillögur hennar um Nýjan framhaldsskóla.


Starfsnámsnefnd leggur því til eftirfarandi skipulag starfsgreinaráða:

- Starfsgreinaráð verði skipuð fyrir hverja starfsgrein.
- Starfsgreinaráðin verði skipuð fimm fulltrúum til fjögurra ára í senn.
- Tveir fulltrúar verði tilnefndir af samtökum atvinnurekenda.
- Tveir fulltrúar verði tilnefndir af samtökum launafólks.
- Einn fulltrúi verði tilnefndur sameiginlega af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands.
- Formaður starfsgreinaráðs verði kosinn af starfsgreinaráðinu úr hópi atvinnurekenda eða launþega og verði kjörinn til tveggja ára í senn.
- Löggjafinn skilgreini ekki hverjir innan þessara samtaka tilnefni heldur feli ráðherra tilteknum aðila innan samtakanna að hafa forystu hverju sinni um að kalla saman hagsmunaaðila til samráðs um tilnefningu.

**Mynd 8** sýnir skipan starfsgreinaráða.

# Skýrsla Starfsnámsnefndar

Mynd 8



Hlutverk starfsgreinaráðanna verði að móta menntastefnu starfsgreina sem undir ráðin heyra og gera tillögur að námskrám til menntamálaráðuneytisins. Starfsgreinaráðin gera tillögu um skipan og fyrirkomulag starfsnáms í þeim atvinnugreinum sem við á.

---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

Gert er ráð fyrir að starfsgreinaráðin verði vistuð með formlegum hætti til að tryggja virkni þeirra en ákvörðun um vistun og fyrirkomulag hennar verði tekin af ráðunum. Starfsnámsnefnd er sammála um að reynslan sýni að þau starfsgreinaráð sem hafa haft formlega vistun og þjónustu hafi verið hvað virkust og séu tvímælalaust í hópi þeirra ráða sem mestu hafa skilað. Nauðsynlegt er að tryggja ráðunum fjármagn til að standa straum af vistunarkostnaði.

Eitt mikilvægasta hlutverk starfsgreinaráðanna er að tryggja virkt samstarf skóla og atvinnulífs með stöðugri þróun námskráa. Til að tryggja að svo verði leggur Starfsnámsnefnd til að hvert starfsgreinaráð skipi faghópa fyrir hverja starfsgrein undir ráðinu. Hlutverk þessara faghópa verði gerð tillagna um námskrár og annað er lýtur að lýtur að starfsnámi í skóla til starfsgreinaráðsins. Í þessum faghópum verði fulltrúar atvinnugreina og skóla er vinni saman að gerð námskrártillagna. Ekki er gert ráð fyrir að löggjafinn skilgreini eða ákveði frekar um skipan þessara hópa heldur verði það hlutverk hvers starfsgreinaráðs að móta sínar eigin reglur um skipan þeirra. Bent er á að ný samráðsnefnd starfsgreinaráðanna þar sem formenn ráðanna sitja er kjörinn vettvangur til samræmingar á reglum um slíka skipan kjósi starfsgreinaráðin að gera svo.

Einnig er lagt til að hver framhaldsskóli skipuleggi samráð við þær atvinnugreinar sem skólinn þjónar með sínu starfsnámi. Þetta samráð myndi tengsl við atvinnulífið í næsta nágrenni skólans og byggi upp net bakhjarla. Ekki er gert ráð fyrir að löggjafinn skilgreini eða ákveði frekar um skipan þessara samráðsnefnda heldur verði það hlutverk hvers skóla að móta sitt skipulag.

Samkvæmt reglugerð nr. 475/2001 um skipan starfsgreinaráða er gert ráð fyrir að skipuð séu 14 starfsgreinaráð.

Starfsnámsnefnd gerir tillögu um breytt skipulag og leggur til að ráðunum verði fækkað í níu og að tilflutningur atvinnugreina verði á milli ráða. Ekki er gert ráð fyrir því að löggjafinn ákveði með beinum hætti fjölda starfsgreinaráða hverju sinni heldur verði það hlutverk samráðsnefndar starfsgreinaráða að ákveða fjölda ráðanna í samræmi við þróun í atvinnulífinu á hverjum tíma.

**Mynd 9** sýnir tillögu Starfsnámsnefndar um skiptingu starfsgreina milli starfsgreinaráða.

# Skýrsla Starfsnámsnefndar

## Skipan starfsgreina

Mynd 9

Bilgreinar	Bygginga og mannvirkjagreinar	Heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinar	Hönnunar og handverksgreinar	Málm-, véltækni og framleiðslugreinar	Rafiðngreinar	Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar	Þjónustugreinar versl.,ferða,-matvæla	Þjónustugreinar farart., flutninga, öryggisgreina
Bifreiðasmiði	Húsasmiði	Íþróttir	Fataiðn	Blikksmiði	Veikstraumur	Bókband	Ferðabjónusta	Siglingar
Bifvélavirkjun	Húsgagna smiði	Félags og tómstundir	Hönnun	Málmsuða	Sterkstraumur	Bókasafns-tækni	Verslunargreinar	Véltjórn
Bilamálun	Málaraiðn	Uppeldis greinar	Leðuriðja	Rennismiði	Tölvur / Nettækni	Fjölmiðlataekni	Skrifstofu greinar	Flugstjórn
	Pípulagnir	Heilbrigðis greinar	Hársnyrtng	Stálsmiði	Tæknigreinar ljósvakamiðla	Ljósmýndun	Matvæla greinar	Þjónunar- og öryggisgreinar
	Dúklagnir	Snyrtigreinar	Tækniteiknun	Vélvirkjun		Veftækni		Flutningar
	Múraraiðn			Netagerð		Prentsmið		
	Bólstrun					Prentun		

### 3.7. Námskrágerð

Eins og að framan greinir þá er námskrágerð eitt mikilvægasta verkefni starfsgreinaráðanna og er gert ráð fyrir því í tillögum Starfsnámsnefndar að faghópar séu skipaðir fyrir hverja starfsgrein innan vébanda starfsgreinaráðs. Hlutverk þessara faghópa er að fara yfir og gera tillögur að nýjum námskrám og hlutast til um að námsefni fylgi nýjum námskrám. Fram kom á fundum með starfsgreinaráðunum að mörg hafa verið ötul við að gera tillögur um endurskoðaðar námskrár og skilað til menntamálaráðuneytisins til samþykktar. Álit flestra starfsgreinaráðanna er að ferill samþykktar í menntamálaráðuneytinu sé hægur og í sumum tilfellum hafi liðið ár frá því að starfsgreinaráð skiluðu inn tillögum að breyttri námskrá þar til hún hefði verið endanlega samþykkt.

Vandi starfsgreinaráða og námskrágerðar í starfsnámi er að erfitt er að gera námskrár þannig úr garði að þær endurspegli öra þróun atvinnulífsins. Núverandi kerfi gengur útá heildarendurskoðun námskráa á nokkurra ára fresti sem þá kallar oft á töluverðar breytingar hjá skólum hvað varðar kennsluefni og tækjabúnað.

Námskrár eiga í eðli sínu að vera í stöðugri endurskoðun til að fylgja breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Því er nauðsynlegt að fyrirkomulag námskrágerðar sé þannig að hver námskrá sé í stöðugri endurskoðun og þróun og sé formlega staðfest ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Reynslan hefur sýnt að í samþykktarferli hjá menntamálaráðuneytinu taka námskrárnar ekki miklum efnisbreytingum og því ætti ferill samþykktar ekki að þurfa að vera langur. Hluti þessara tafa er vegna reglugerðarígildis námskráa og því háðar birtingu í Stjórnartíðindum.

---

## Skýrsla Starfsnámsnefndar

Starfsnámsnefnd leggur til að námskrár verði í stöðugri endurskoðun og formlega staðfestar einu sinni á ári af menntamálaráðuneytinu samkvæmt ferli því sem lagt er til af Starfsnámsnefnd. Ljóst er að þessi tillaga mun kalla á breytingar á verklagi menntamálaráðuneytisins og gera kröfu um vinnuframlag af hálfu þess vegna þjónustu við starfsgreinaráðin. Einnig mun þessi tillaga kalla á breytingar á gildi námskráa sem opinberra skjala í stjórnkerfinu en námskrár hafa reglugerðarígildi samkvæmt núverandi fyrirkomulagi.

Starfsnámsnefnd leggur til að:

- Almenna hluta aðalnámskrár og öðrum reglugerðum um skólastarf verði steipt saman í eina reglugerð um framkvæmd og skipulag skólastarfs í framhaldsskólum.
- Námskrár og lýsingar á einstökum námsleiðum hafi ekki reglugerðarígildi heldur verði þær staðfestar af menntamálaráðuneytinu fyrir hönd ráðherra með umburðarbréfi til skólanna.


**Mynd 10** sýnir feril námskrárgerðar.

# Skýrsla Starfsnámsnefndar

Júní 2006  
Gerð námskrár

Gert er ráð fyrir að námskrár í starfsnámi verði endurskoðaðir á hverju ári til samræmis við neðangreindan feril. Námskráin er staðfest og endurúttekin af MMR hvort sem hún breytist eða ekki.

Mynd 10



### 3.8. Skipulag vinnustaðanáms

Gerðar verði umtalsverðar breytingar á eðli og fyrirkomulagi vinnustaðanáms. Starfsnámsnefnd hefur haft til hliðsjónar tillögur nefndar um vinnustaðanám sem skilaði skýrslu til menntamálaráðherra í apríl sl. Starfsnámsnefnd er í meginatriðum sammála tillögum nefndar um vinnustaðanám og leggur áherslu á eftirfarandi atriði:


- Vinnustaðanám verði hluti aðalnámskrár.
- Yfirstjórn vinnustaðanáms verði í höndum starfsgreinaráðanna og skuli þau ráða umsjónaraðila vinnustaðanáms sem geti verið stofnun atvinnulífs eða skóli eftir því sem best hentar.
- Skólar beri ábyrgð á að nemendur fái umsjón og þjónustu frá upphafi náms í skóla til loka starfsnáms á vinnustað og námsferillinn verði ein heild frá upphafi náms til atvinnuréttinda.
- Valin verði sérstök vinnustaðafyrirtæki, eftir umsókn eða ábendingu og tryggt að þau hafi á að skipa einstaklingi er geti annast fræðslu á vinnustað og borið ábyrgð á því gagnvart umsjónaraðila námsins.
- Skoðuð verði lengd og fjölbreytni vinnustaðanáms þannig að með betra og markvissara skipulagi og kennslu á vinnustað verði lengd vinnustaðanáms stytta.
- Teknar verði upp ferilbækur fyrir vinnustaðanám sem verði lagaðar að hverri atvinnugrein.
- Stofnaður verði sjóður með þátttöku atvinnulífs og stjórnvalda er annast greiðslur til að jafna kostnað milli þeirra fyrirtækja sem annast formlega vinnustaðakennslu og hinna sem það gera ekki. Settar verði reglur um þennan sjóð. Áhersla verði lögð á einfalt greiðsluferli.

Starfsnámsnefnd leggur áherslu á að tekið verði upp markvisst skipulag á umsjón vinnustaðanáms og að starfsgreinaráðum verði falið það hlutverk gagnvart sínum atvinnugreinum. Einnig leggur Starfsnámsnefnd áherslu á að starfsgreinaráðum verði skylt að ráða umsjónaraðila vinnustaðanáms sem verði að öðru jöfnu í höndum fræðslustofnana atvinnulífsins eða í höndum skóla samkvæmt ákvörðun starfsgreinaráðs og með viðeigandi samningi um þjónustu.

Starfsnámsnefnd leggur áherslu á að virkt gæðastarf verði við framkvæmd og skipulag vinnustaðanáms og ábyrgð allra aðila verði ljós. Nánari skilgreining á gæðaeftirliti verði byggð inn í reglugerð/lög fyrir sjóð um vinnustaðanám.

**Myndir 11 og 12** sýna skipulag og framkvæmd á vinnustaðanámi.

# Skýrsla Starfsnámsnefndar






# Skýrsla Starfsnámsnefndar



Mynd 12

Framkvæmd vinnustaðanáms er framhald ferils um skipulag vinnustaðanáms og er hluti námskrár. Framkvæmd vinnustaðanáms er samstarfsverkefni atvinnulífs og skóla þar sem atvinnulíf er ábyrgt fyrir fræðslu á vinnustöðum en skóli ábyrgur gagnvart námi nemenda.



Gengið til samninga um vinnustaðanám á grundvelli námskrár og starfsþjálfunarbókar. Samið verði um greiðslur til vinnustaðar fyrir þjálfun og notkun starfsferilsbókar.

Á grundvelli samnings og í samræmi við námskrá sér umsjónaraðili vinnustaðanáms um framkvæmd námsins. Notuð er ferilbók til staðfestingar á markmiðum vinnustaðanáms.

Framkvæmd vinnustaðanáms fer fram á vinnustað undir eftirliti umsjónaraðila vinnustaðanáms í samræmi við markmið námskrár.

Vinnustaðanámi lýkur og nemandi útskrifast ef þjálfun er fullnægjandi annars hefst ferillinn að nýju frá upphafi eða að hluta eftir aðstæðum.

Nemandi útskrifast til atvinnuréttinda frá skóla að loknu námi frá skóla og vinnustaðanámi frá vinnustaðafyrirtæki.

Vísað er í tillögur nefndar um vinnustaðanám til frekari skýringa.

### 3.9. Lög um framhaldsskóla

Starfsnámsnefnd gerir tillögur um breytingar á lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla bæði við starfsnámskafla laganna sem og aðra kafla eftir því sem ofangreindar tillögur hafa kallað eftir. Tillögur að lögum um Nýjan framhaldsskóla og Fagháskóla eru meðfylgjandi í sjálfstæðu skjali.

## 4. Lokaorð

### 4.1. Kostnaður við breytingar

Starfsnámsnefnd leggur til að hver eining kennslu verði greidd miðað við raunkostnað náms. Nýr framhaldsskóli hefur áhrif á kostnað vegna tilfærslna milli námsleiða sem eru misdýrar, aukinnar fjölbreytni og sveigjanleika og vegna aukinnar sóknar nýrra nemenda í starfsnám. Áhersla er lögð á breytta starfshætti í Nýjum framhaldsskóla og verulega aukna starfs- og námsráðgjöf og af því mun hljóta aukinn kostnaður. Gera má ráð fyrir að örari endurskoðun námskráa leiði til meiri kostnaðar við námsefnisgerð.

Stofnun fagháskólastigs mun leiða til aukins kostnaðar og/eða tilflutning kostnaðar milli skólastiga.

Starfsnámsnefnd styður tillögur nefndar um vinnustaðanám eins og þær koma fram í skýrslu nefndarinnar og er ljóst að þær munu hafa í för með sér fjárhagslega þátttöku hins opinbera til viðbótar framlagi atvinnurekenda.

Starfsnámsnefnd lítur svo á að nauðsynlegt verði að setja meira fjármagn til samráðsnefndar, starfsgreinaráðanna og samstarfs skólastiganna.

Starfsnámsnefnd leggur til að settur verði á stofn sérstakur þróunarsjóður fyrir starfsnám sem verði vistaður í menntamálaráðuneytinu. Settar verði sérstakar reglur um sjóðinn.

### 4.2. Framkvæmd

Starfsnámsnefnd leggur til að menntamálaráðuneytið skipi þriggja manna starfshóp er annist kynningu og innleiðingu hins Nýja framhaldsskóla og gert verði ráð fyrir tveggja ára starfstíma þessa hóps.

Starfshópurinn fái skipunarbréf ráðuneytisins er kveði á um vald og skyldur starfshópsins við innleiðingu Nýja framhaldsskólans.

### 4.3. Næstu skref

Starfsnámsnefnd leggur til að ofangreindar tillögur verði grundvöllur heildarendurskipulagningar framhaldsskólans og verði komið í framkvæmd með viðeigandi lagabreytingum þannig að hinn Núi framhaldsskóli geti tekið til starfa sem fyrst.

Starfsnámsnefnd þakkar öllum þeim sem hafa komið að málinu fyrir góð ráð og góða samvinnu.

Reykjavík júní 2006

**Jón B. Stefánsson**  
Formaður Starfsnámsnefndar

**Starfsnámsnefnd:**

Aðalheiður Steingrímsdóttir

Baldur Gíslason

Einar Már Sigurðarson

Emil B. Karlsson

Hjálmar Árnason

Ingi Bogi Bogason

Margrét Friðriksdóttir

Stefán Ó. Guðmundsson

**Starfsmaður Starfsnámsnefndar:**

Ólafur Grétar Kristjánsson

